



HAFNARFJÖRÐUR

Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði

1. kafli Almenn ákvæði

1. gr.

Tegund þjónustu, markmið og skilgreining

Notendastýrð persónuleg aðstoð (hér eftir NPA) er tilraunaverkefni sem byggir á bráðabirgðaákvæði IV í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum sem kveður á um innleiðingu NPA. Markmið þessa þjónustuforms er að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks fyrir aðstoð heima og úti í samfélaginu til þess að það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi.

Þjónustan er skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans. Um er að ræða mánaðarlegar greiðslur til ráðstöfunar vegna þjónustu sem notandi þarfnast, annað hvort með því að ráða til sín starfsmenn sjálfur, eða gegnum umsýsluaðila. Umsýsluaðili getur verið samvinnufélag, samtök eða einkafyrirtæki. Fjármagnið grundvallast á heildstæðu mati á stuðningsþörf.

2. gr.

Gildissvið og forsendur

Þeir geta sótt um NPA sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Falla undir 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.
- Eiga lögheimili í Hafnarfirði
- Búa ekki í sértæku húsnæðisúrræði þegar þjónustan er veitt.
- Eru 18 ára og eldri.
- Þurfa á daglegri aðstoð að halda, að lágmarki 20 klukkustundir á viku.
- Foreldrar fatlaðra barna geta sótt um NPA fyrir hönd barna sinna í stað annarrar stuðningsþjónustu sem fötluðum börnum stendur til boða.

2. kafli

Málsmeðferð

3. gr.


Umsóknarferli

Umsókn um NPA þarf að vera skrifleg á sérstöku eyðublaði. Umsóknareyðublað fæst í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar og hjá Fjölskylduþjónustu. Umsóknarfrestur er til 15. desember 2012. Umsókn skal fylgja staðfesting á þjónustu, tegund og tímafjölda frá öðrum þjónustuaðilum en sveitarfélagi. Umsækjandi heimilar að frekari upplýsinga um fötlun og þjónustubörf sé aflað frá fagaðilum, s.s. frá læknum, heimahjúkrun, sálfræðingum, þroskaþjálfum eða öðrum aðilum sem veitt geta upplýsingar sem máli skipta við mat á þörf og afgreiðslu umsóknar.

4. gr.

Heildstætt mat

Þegar umsókn hefur verið móttækin skal umsækjandi boðaður til viðtals og eftir atvikum aðili sem veitir honum liðsinni, til að afla frekari upplýsinga og kynna þá kosti sem í boði eru. Fagteymi NPA

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	312.2012
Málsnr:	1101401
Bréfal:	370



HAFNARFJÖRÐUR

vinnur heildstætt mat á stuðningsþörf með hliðsjón af þeirri þjónustu sem þegar er veitt í samráði við umsækjanda og hvernig koma megi til móts við þarfir hans og óskir.

Við mat á umsóknum skal meðal annars hafa til hliðsjónar:

- Atriði sem tilgreind eru í 3. gr. hér að framan.
- Niðurstöður SIS mats, matslista á stuðningsþörf og mat umsækjanda á þörf fyrir stuðning.
- Þann stuðning sem umsækjandi nýtur nú þegar.
- Mat á þörf fyrir stuðning sem er á ábyrgð ríkis s.s. aðstoð í skóla, á vinnumarkaði eða vegna hjúkrunar.
- Vilja til að fá beinar greiðslur.
- Getu til að skýra frá löngunum sínum og taka ákvarðanir.
- Getu til að bera ábyrgð á og ráðstafa greiðslunum með eða án aðstoðar. Sögu um greiðsluvanda þarf að skoða sérstaklega.
- Getu til þess að skipuleggja stuðning og þjónustu með velferð barns að leiðarljósi þegar það á við.

Á grundvelli heildstæðs mats og ofangreindra atriða skal vinna áætlun í samráði við umsækjanda og fulltrúa hans ef við á, sem tiltekur þann stuðning og tímafjölda sem viðkomandi er talinn þurfa. Samkomulag um tímafjölda skal vera fylgiskjal með samningi sem gerður er og upphæð samnings grundvallast á.

5. gr.

Afgreiðsla og áfrýjun

Ákvörðun fagteymis NPA um afgreiðslu umsóknar skal liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því umsókn berst Fjölskylduþjónustu. Umsækjanda er tilkynnt niðurstaða fundar með formlegum hætti. Sé umsókn hafnað skal ákvörðun rökstudd með skýrum hætti. Umsækjanda skal bent á áfrýjunarrétt til fjölskylduráðs. Áfrýjun ber að skila skriflega og innan fjögurra vikna.

3. kafli

Framkvæmd

6.gr.

Ráðning starfsfólks og umsýsla

Þegar umsókn um NPA hefur verið samþykkt hefur notandi val á milli tveggja leiða um framkvæmd NPA.

- a) Að leita til sjálfstæðra aðila um að útvega starfskrafta og annast umsýslu. Notandi gerir samning um NPA við þann aðila enda hafi Hafnarfjarðarbær undirritað samstarfssamning við hann um að taka að sér slíka þjónustu á grundvelli starfsleyfis. Umsýslukostnaður rennur til þess aðila sem verður vinnuveitandi starfsfólks sem ráðið verður.
- b) Að annast sjálfur, ráðningu starfsfólks og umsýslu. Er þá gerður einstaklingssamningur um NPA milli notandans og Hafnarfjarðarbæjar þar að lútandi og umsýslukostnaður rennur til notandans.

Velji notandi að annast sjálfur ráðningar starfsfólks og umsýslu verður hann formlegur vinnuveitandi og ber ábyrgð á að rækja það hlutverk á löglegan hátt. Gerðir skulu ráðningasamningar sem kveða á um réttindi og skyldur starfsfólksins, umfang vinnu, vaktafyrirkomulag, kjör, uppsagnarfrest og fleira.



HAFNARFJÖRÐUR

Grundvallarskilyrði NPA er að notandinn sé ætíð verkstjórnandi og því skal enginn ráðningarsamningur gerður við aðstoðarfólk án samþykkis notanda eða persónulegs talsmanns hans, þegar það á við. Starfsfólk Fjölskylduþjónustunnar getur veitt leiðsögn og ráðgjöf sé þess óskað.

7. gr.

Tengsl notanda við starfsfólk

Notanda er að jafnaði ekki heimilt að ráða til sín eða ráðstafa fjármagni samnings til: Maka, sambýlismanns/konu eða náins ættingja.

Náinn ættingi í þessu samhengi er foreldri, tengdforeldri, móður/föðursystir/bróðir, amma, afi, sonur, dóttir, tengdasonur/dóttir, stjúpsonur/dóttir, systir, bróðir eða maki einhverra þessara einstaklinga.

Í þeim tilvikum sem foreldrar fatlaðra barna hafa sótt um NPA þjónustu gildir þetta ákvæði ekki.

Undanþága getur komið til ef sýnt hefur verið fram á með rökstuðningi að ættingi eða maki sé best til þess fallinn að veita stuðning og tryggt er að notandinn sé samþykkur ráðningu þess aðila. Í þeim tilfellum sem það er gert skal umsýsla samningsins vera í höndum umsýsluaðila. Ef fagteymi NPA telur þörf á má kalla til sérskipaðan talsmann eða réttindagæslumann til að gæta hagsmuna notanda við ráðningu náins ættingja eða maka.

4. kafli

Eftirlit og upplýsingaskylda

8. gr.

Meðferð fjármagns

Við undirritun samnings um NPA þjónustu skuldbindur notandi sig til að ráðstafa greiðslum sem samningurinn felur í sér í samræmi við stuðningsþörf sem tilgreind er í áætlun um tímafjölda.

Fyrir hverja vinnustund eru að jafnaði greiddar 2.800 kr. Fjárhæð þessi kemur til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Við meðferð þess fjármagns sem notandi fær úthlutað þarf að fylgja eftirfarandi reglum:

- Notandi/umsýsluaðili skal sjá til þess að í bókhaldsgögnum hans séu undirskrifaðar og tímasettar kvittanir eða launamiðar fyrir öllum greiðslum hvort sem þær eru til persónulegra aðstoðarmanna eða einkafyrirtækja.
- Notanda/umsýsluaðila ber að skila inn mánaðarlegri skýrslu um hve margar vinnustundir hann hefur notað og skila öðrum gögnum til Fjölskylduþjónustu þegar þess er óskað. Þá ber notanda að skrá bókhald jöfnum höndum og skila því inn til Fjölskylduþjónustunnar til yfirferðar samkvæmt samningi.

9. gr.

Endurmat á stuðningsþörf

Stöðumat fer fram 12 vikum eftir gerð samnings þar sem kannað er hvernig þjónustuformið nýtist og hvort það skili tilætluðum árangri.

Endurmat á stuðningsþörf notanda og þörf fyrir NPA skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári. Fjölskylduþjónustunni er heimilt að breyta greiðslum í kjölfar endurmats á stuðningsþörf í samráði við notanda. Komi til breytinga á upphæð greiðslu skal sú ákvörðun lögð fyrir fagteymi NPA og notanda



HAFNARFJÖRÐUR

tilkynnt um ákvörðun formlega með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Notandi getur áfrýjað ákvörðun fagteymis NPA til fjölskylduráðs innan fjögurra vikna frá því að honum barst vitneskja um ákvörðun.

Fjölskylduþjónustu ber að stuðla að eins auðveldri tilfærslu til annarra umsýsluaðila og kostur er óski notandi slíkrar tilfærslu. Í þeim tilvikum þar sem NPA misferst eða fellur niður skal Fjölskylduþjónustan leitast við að stuðningsbörfum samkvæmt mati sé mætt.

10.gr.

Tilkynningarskylda

Umsækjanda ber að upplýsa Fjölskylduþjónustuna um það án tafar ef upp koma erfiðleikar við umsjón greiðslanna svo hægt sé að leysa úr þeim fljótt og örugglega. Einnig ber umsækjanda að tilkynna Fjölskylduþjónustunni um allar breytingar sem verða á högum hans og snerta þjónustuna innan sjö daga, svo sem tímabundna dvöl annarsstaðar en á lögheimili og lögheimilisflutning.

Fjölskylduþjónustan skal stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagnið er ætlað til, en í þeim tilvikum þarf að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann að hafa.

11. gr.

Þagnarskyldan

Öllum starfsmönnum á vegum Fjölskylduþjónustunnar ber að gæta þagnarmælsku og virða trúnað við fólk í starfi sínu og ber þeim að undirrita yfirlýsingu þess efnis. Starfsmönnum og þjónustuaðilum ber að sýna virðingu í orði sem og í verki.

5. kafli

Lok samnings og endurgreiðslur

12.gr.

Uppsögn og riftun samnings

Gagnkvæmur fjögurra vikna uppsagnarfrestur er á samningi og þarf uppsögn að berast skriflega. Við eftirlit og endurmat kunna að koma fram atvik sem leiða til riftunar samnings. Ákvörðun um riftun samnings skal tekin af fagteymi NPA, hún rökstudd og notanda tilkynnt hún formlega. Séu vísbendingar um svik eða ólöglegt athæfi umsækjanda eða þriðja aðila er heimilt að rifta samningi án fyrirvara. Notandi getur áfrýjað ákvörðun fagteymis NPA til fjölskylduráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Við riftun samnings er notanda gert að endurgreiða það fjármagn sem honum hefur verið úthlutað eða hluta af því, sé sýnt fram á að:

- Fjármagnið að hluta til eða í heild hafi ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- Ákvæðum samningsins hafi ekki verið fylgt.
- Notandi hafi mótttekið fjármagn frá öðrum aðila ætlað að hluta til eða í heild í þá þjónustu sem samningurinn tekur til.



HAFNARFJÖRÐUR

13.gr.

Endurgreiðslur

Fjölskylduþjónustunni ber að gæta þess að fjármagni samnings sé ráðstafað á tilætlaðan máta. Hún hefur heimild til að krefjast þess að notandi endurgreiði, komi í ljós að fjármagni sem úthlutað var hafi ekki farið í þá þjónustu sem tilgreind er í áætlun. Komi til ofgreiðslu ber umsækjanda að endurgreiða mismuninn til Fjölskylduþjónustunnar innan 14 daga.

- Endurgreiðslu er krafist þegar fjármagn hefur verið notað á óeðlilegan hátt eða ekki nýtt til fulls.
- Gengið skal út frá að hver mánaðargreiðsla sé nýtt þann mánuð sem við á, en heimilt er að færa fé milli mánaða þó aldrei meira en í þrjá mánuði.

6. kafli

Endurskoðun og gildistaka reglna

14. gr.

Endurskoðun

Reglur þessar verða endurskoðaðar af fjölskylduráði eftir því sem þurfa þykir í síðasta lagi þegar tilraunaverkefni um NPA lýkur.

15. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í lögum um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992 með síðari breytingum.

Samþykkt í Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 28. nóvember 2012